Reykjavik. 27. Juli 1876

Ástkæri Hæstvirti vinur minn.

„Betra er nokkud en ekki" segjum vid Íslendingar, og væri þad satt, vildi eg þad nættist á sedli þessum, sem á ad flytja Yður mínar bestu þakkir fyrir Yðar góða bróf frá Molde, dagsett 13. Juni, um leid og eg þakka Yður fyrir alt ástúdlegt annad.

Eg get skilid þad, ad fyrir mann, sem er jafnkunnugur fornsögum vor um og þér, þá hljóti þad ad vera skemtilegt og frædandi jafnvel, ad terdast um vogustadina, þvi undarlegt er, hvad vidburdirnar standa ljósari fyrir manni, þegar menn koma á sögustadina sjálfa, heldur en þó madur lesi frásagnirnar um þá.

Einsog Yðar er von og visa haldid þér þar næst upp hlífiskildi fyrir Nordmenn, þar sem eg hefi máske ordid vel berordur um yfirlæti þeirra, sem